

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. október 2014

Umsögn Samiðnar um tillögu til þingsályktunar þingskjal 14-14mál

Tillagan gerir ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp með fulltrúum allra stjórnarmálflokka á Alþingi sem fái það hlutverk að gera þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu út frá endurskoðaðri ríkisfjármálaáætlun.

Íslenskt velferðarkerfi hefur búið við viðvarandi niðurskurð hvað varðar fjárveitingar um langt árabil. Þessi viðvarandi fjárskortur hefur leitt til þess að í mörgum tilfellum hefur stofnunum reynst erfitt að standa undir lögbundnu hlutverki sínu.

Einnig hefur skort á samstöðu á Alþingi um megin stefnuna í velferðarmálum sem hefur leitt til þess að það hefur ekki skapast nægjanleg samfell í uppbyggingu velferðarkerfisins. Þetta ástand hefur leitt til þess að við ríkisstjórnarskipti fer mikil tími og orka í að taka til baka það sem fyrri ríkisstjórn gerði í stað þess að byggja ofan á það sem gert hefur verið.

Þessi sífella togsteita milli ólíkra sjónarmiða og skortur á framtíðarsýn veldur kyrrstöðu og hnignun á tímum þar sem brún þörf fyrir uppbyggingu og framfarir brún.

Samiðn mælir með samþykkt þingsályktunarinnar en vekur jafnframt athygli á mikilvægi víðtæks samráð við hina ýmsu hagsmunaaðila út í samfélaginu, málið er víðtækt og snertir flesta þegna landsins.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson

